

ALPÝÐUBLAÐIÐ

Miðvikudagur 9. ágúst 1995

Stofnað 1919

■ **Sigríður Dúna** gagnrýnir Kvennalistann harkalega í evrópsku kvennafræðitímariti

Konum refsað fyrir syndir eiginmannanna

Í mashefti tímaritsins *The European Journal of Women's Studies* birtist grein eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttir fyrrum þingkonu Kvennalistans og Ingu Dóru Björnsdóttur. Greinin ber titilinn *Hreinleiki og saurgun, edlischyggi og refsingar í íslensku kvennahreyfingunni* og fjallar um þá mótsögn að Kvennalistinn hafi refsað „þrægum“ meðlimum, þegar kvennabaráttan á að vera helguð því að skapa nýtt bjóðsfélag þar sem feðraveldið getur ekki lengur kúgað konur.

„Þegar kom að því að einn af stofnendum Kvennalistans átti að taka varamannssæti á þingi, sem hún var reiðubuin að gera, metti hún óvænt mikilli andstöðu innan þingfloksins,“ segir í grein þeirra stallsystra. „Skömmu aður hafði eiginmaður hennar, kaupsýslumaður sem hafði ætíð stutt þátttöku hennar í störfum Kvennalistans, verið ásakaður um að eiga aðild að vafasömu viðskiptasamningum. Á þessum tíma voru líkur á því að málid yrði opnibert. Pingflokkur Kvennalistans víðaði í hag hennar sjálfar og bað konuna kurtislega að láta annarri konu þingsetið eftir, sem hún og gerði. Konan er enn meðlimur Kvennalistans en hún kemur ekki lengur fram fyrir hann opinberlega eins og hún var vón. Með öðrum orðum: Kvennalistinn hefur útskifað henni og þaggað niður í henni; ekki vegna mistaka hennar, heldur vegna flekkadis mannorðs eiginmannsins,“ segir í greininni.

„Önnur kona, sem er einn af stofnendum Kvennalistans og fyrverandi þingkona listans, skildi við eiginmann sinn og giftist aftur. Fyrri eiginmaðurinn hafði stutt Kvennalistann opinberlega. Seinni eiginmaðurinn var vel þekktur meðlimur annars stjórmála-

flokks, sem var í andstöðu við Kvennalistann. Samband þessarar konu við stjórnmálamanninn gerði hana og hennar stjórnmálastóðanir tortryggilegar í augum Kvennalistans ... Þrátt fyrir tilraunir hennar til að halda áfram starfi innan Kvennalistans hætti hún að tala opinberlega fyrir hönd listans og fannst æ erfðara að taka til málss innan banda Kvennalistans. Kúguð og útskúfuð, sá hún sig fljótlega tilneydda

að segja skilið við starfsemi Kvennalistans.“

Alpýðublaðið leitaði álits Helgu Sigurjónsdóttur kennara og fyrverandi Kvennalistakonu og Kristínar Ástgeirs dóttur þingkonu Kvennalistans á nokkrum fullyrðingum greinarinnar. „Ég held að Kvennalistinn sé ranglega ásakaður fyrir að gera lítið ú barnlausum konum. Það sem mér hefur fundist að Kvennalistum frá fyrstu tíð er það

sem er einfaldlega hægt að kalla skoðanakúgun,“ sagði Helga. „Ég hef ekki lesið greinina, en það sem þú berð undir mig finnst mér stórar og alvarlegar fullyrðingar ... Ég met Sigríði Dúnu mikils og finnst leitt að hún skuli vera að skrifa svona ... Ég kannast ekki við að henni hafi verið hafnað, hvad sem hún hefur upplifað sjálf,“ sagði Kristín Ástgeirs dóttir.

—Sjá umfjöllun á blaðsíðu 5.



Að njóta lífsins... Sumt fólk kann að njóta lífsins, og það á vissulega við um þetta par sem Einar Ólason, hinn glöggskyggni ljósmyndari okkar, festi á filmu um Verslunarmannahelgina.